

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2008 í máli nr. S-966/2008:

**Ákærvaldið**

*(Hulda Elsa Björgvinsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Mark Gunnari Roberts**

*(Bjarni Hauksson hdl)*

Ár 2008, þriðjudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 966/2008: Ákærvaldið (Hulda Elsa Björgvinsdóttir) gegn Mark Gunnari Roberts (Bjarni Hauksson hdl.) sem tekið var til dóms hinn sama dag, að lokinni framhalds-aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru Ríkissaksóknara, dagsettri 18. júlí sl. á hendur ákærða, Mark Gunnari Roberts, kt. 000000-0000, Vatnsstíg 8, Reykjavík, “fyrir eftirtalin hegningar- og umferðarlagabrot framin á árinu 2008 í Reykjavík nema annað sé tekið fram.

A.

1. Fjársvik, með því að hafa, fimmtudaginn 14. febrúar, svikið út sjónvarpstæki að verðmæti 269.989 krónur í raftækjaversluninni Max, Kaupúni 1, Garðabæ, þegar hann framvísaði og notaði stolið greiðslukort Gunnars Snæs Júlíussonar kt. 000000-0000, en andvirði tækisins skuldfærðist á greiðslukortareikning Gunnars.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

B.

2. Umferðarlagabrot, með því að hafa, laugardaginn 16. febrúar, ekið bifreiðinni JS-550 um Laugaveg sviptur ökuréttindum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3 gr. laga nr. 24/2007, sbr. 1 mgr. 100 gr. umferðarlaga.

C.

Tilraunir til ráns og rán að kvöldi miðvikudagsins 19. mars, með því að hafa:

3. Við verslunina Select, Suðurfelli 4, sest inn í bifreiðina 00-000, beint sprautunál að A, kennitala 000000-0000, krafði hana um peninga og hótað að stinga hana ella í hálsinn en horfið á braut er A og 11 ára dóttir hennar B, kennitala 000000-0000 sem einnig var þar stödd, fóru út úr bifreiðinni.

4. Skömmu síðar, í söluturninum King Kong, Eddufelli 8, ráðist á viðskiptavin, Dagnýju Gloríu Sigurðsson, kennitala 000000-0000, reynt að hrifsa af henni veski, ógnað henni með sprautunál og hótað að sprauta hana léti hún ekki veskið af hendi og er honum tókst ekki að ná því, farið inn fyrir afgreiðsluborðið, ógnað Guðnýju Guðmundsdóttur, kennitala 000000-0000, sem þar var við störf, með sprautunál, sagst vera með lifrabólgu C og hótað að beita henni, opnað sjóðsvél verslunarinnar og tekið þaðan 18.000 krónur sem hann hafði á brott með sér.

Telst brot ákærða samkvæmt 3. tölulið varða við 252. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 4 tölulið við 252. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og 252. gr. almennra hegningarlaga.

D.

5. Rán með því að hafa, fimmtudaginn 20. mars, í söluturninum Leifa sjoppu, Iðufelli 14, ógnað Flosa Þorleifssyni, kennitala 000000-0000, með sprautunál og hótað að smita hann af lifrabólgu C ef hann myndi hringja á lögreglu og því næst tekið úr tveimur sjóðsvélum samtals 27.000 krónur og happdrættisvinningsmiða sem hann hafði á brott með sér.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

E.

6. Rán, með því að hafa, föstudaginn 21. mars, í versluninni Select, Suðurfelli, ógnað starfsmönnum verslunarinnar, Elínu Oddrúnu Jónsdóttur, kennitala 000000-0000 og Debbie Maríu Shackelford, kennitala 000000-0000, með sprautunál og hótað að smita þær af lifrabólgu C og þannig neytt þær til að opna sjóðsvélina. Ákærði tók þaðan um 65.000 krónur sem hann hafði á brott með sér, auk tveggja sígarettukartona.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Til vara er þess krafist að ákærða verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun, sbr. 62. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu Max Raftækja ehf. Er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 269.989 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 14. febrúar 2008 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Af hálfu söluturnsins King Kong er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 18.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 19. mars 2008 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags.

Af hálfu söluturnsins Leifa sjoppu er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 27.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 20. mars 2008 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags.

Af hálfu verslunarinnar Select er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 10.144 auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 21. mars 2008 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags.”

## Málavextir

Ákærði er haldinn mikilli vímufíkn og hefur margsinnis vistast á geðdeildum vegna sturlunar og þessarar fíknar, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Á þeim tíma sem ákæran tekur til var hann í mikilli óreglu. Í óstaðfestum gögnum sem fylgdu ákærunni í málinu kemur fram að hann var handtekinn föstudaginn 21. mars sl., kl. 11.27, þegar húsleit var gerð í íbúð í Æsufelli 4, þar sem hann hélt til hjá kunningja sínum. Þá kemur þar fram að í vasa hans hafi fundist sprauta með nál á.

1. tl. ákæru.

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er saksóttur fyrir í þessum tölulið ákærunnar. Hefur hann orðið sekur um athæfi það sem lýst er í ákærunni og réttilega er þar fært til refsíákvæðis.

2. tl. ákæru.

Samkvæmt staðfestri lögregluskýrslu Björns Emils Jónssonar var komið að ákærða þar sem hann sat undir stýri í umræddum bíl á staði hjá “Monte Carlo” á Laugavegi um hálfjögurleytið laugardagsnóttina 16. febrúar sl. Segir þar að hann hafi viðurkennt fyrir lögreglumönnum sem komu að honum að hann hefði verið að aka bílnum. Í skýrslu sem tekin var af ákærða, að viðstöddum verjanda hans, um hádegisdaginn eftir viðurkendi hann að hafa ekið bílnum um Laugaveg þá um nóttina en hann ekki gert sér grein fyrir því að hann væri sviptur ökurétti.

Ákærði neitar því fyrir dómi að hafa ekið bílnum sem greinir í ákærunni. Kveðst hann hafa sest inn í bílinn en ekki hafa ekið honum. Hafi hann setið í bílstjórásætinu og verið að drekka bjór ásamt vini sínum, Sigurði, sem hafi verið á bílnum. Hafi bíllinn ekki verið í gangi meðan hann sat í honum. Hann kveðst ekki muna vel eftir þessu atviki og hafa verið undir áhrifum fíkniefna, rítalíns og amfetamíns. Hann kveðst ekki muna hvenær hann missti ökuréttindin. Undir hann er borið það sem haft er eftir honum í frumskýrslu lögreglunnar og framburðarskýrslu hjá lögreglu, að hann hefði ekið bílnum um Laugaveg. Segist hann hafa játað þetta á sig til þess að losna sem fyrst úr haldi lögreglunnar.

Björn Emil Jónsson lögreglumaður, sem fyrr er nefndur, kveður ákærða hafa viðurkennt fyrir þeim að hafa ekið bílnum. Hafi bíllinn verið kyrrstæður þegar þeir komu að honum og þeir ekki séð ákærða aka honum. Hann segist ekki muna hvort bílvélin hafi verið heit eða hvort kannað hafi verið með það.

Ásbjörn Stefánsson lögreglumaður segir að ákærði hafi setið undir stýri þegar þeir komu að bílnum við “Monte Carlo”. Hafi ákærði viðurkennt að hafa ekið bílnum sem hann sat í. Ekki muni hann hvort ákærði hafi sagt hvaða leið hann

hefði ekið bílnum. Minnir vitnið að bíllinn hafi verið í gangi þegar þeir höfðu afskipti af ákærða.

Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson lögreglumaður, sem tók skýrslu af ákærða, hefur sagt að ákærði hafi gefið skýrslu um þetta sakarefni í viðurvist lögmanns síns. Hafi ákærði sagst hafa haldið að hann væri með ökuréttindi og því hefði hann ekið bílnum.

### Niðurstaða

Ákærði, sem var með dómi hinn 11. desember sl. sviptur ökurétti í 12 mánuði frá 28. janúar sl. að telja en þá var honum birtur dómurinn. Hann sat undir stýri á bílnum sem um ræðir þegar lögregla koma að honum, snemma laugardagsmorguninn 16. febrúar sl. Þá játaði hann í formlegri yfirheyrslu hjá lögreglu daginn eftir að hafa ekið umræddum bíl þarna um nóttina og var verjandi hans viðstaddur þá játningu. Ekkert er komið fram sem bendir til annars en að rétt hafi verið staðið að yfirheyrslunni. Hann hefur nú breytt framburði sínum og neitar sök en skýring hans á breyttum framburði hans nú getur ekki talist vera trúleg. Ber því að byggja á játningu hans hjá lögreglu og sakfella hann fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

### 3. tl. ákæru.

Samkvæmt staðfestri lögregluskýrslu Gísla Árna Gíslasonar var það klukkan 20:40, miðvikudagskvöldið 19. mars sl., að tilkynnt var um það til lögreglunnar að maður hefði hótad konu við verslunina “Select” við Breiðholtsbraut. Lögreglumenn sem fóru að sinna þessu hittu þar A og unga dóttur hennar, B, fædda 1996. Sagðist A hafa farið í hraðbankann í versluninni til þess að taka út peninga og þær mæðgur verið nýsestar út í bíl þegar ókunnugur maður kom og settist inn í bílinn og heimtaði peninga. Hefði hann sagst ella myndu stinga hana með sprautunál. Hefði hún neitað þessu og maðurinn þá horfið á braut. Hefði hann verið klæddur í hvíta dúnúlpu, rauða hettupeysu og með húfu á höfði. Samkvæmt skýrslunni sagði vaktstjóri í versluninni lögreglumönnum það að B hefði komið hlaupandi inn í búðina og sagt að maður hefði komið til þeirra í bílinn og haldið nál að hálsi móður hennar. Þá sagði hann þau í versluninni hafa séð manninn fylgjast með því þegar A tók út peningana. Loks segir að starfsmenn í búðinni hefðu prentað út þrjár myndir af manninum úr eftirlitsvélum verslunarinnar og látið lögregluna hafa.

Ljósmyndir þær sem fyrr greinir liggja frammi í málinu. Sýna þær ungan mann sem svipar til ákærða, klæddan í hvítan jakka eða úlpu, yst klæða, með dökka húfu á höfði og sýnist rauð hetta standa upp úr jakkakraganum. Þá eru í málinu ljósmyndir sem teknar voru í versluninni Max 14. febrúar sl., sbr. 1. tl. ákærunnar, og ákærði kannast við að séu af honum. Sýna þær mann klæddan í hvítan jakka eða svipaða flik. Þá liggur frammi í málinu óstaðfest lögregluskýrsla um það að klukkan 20.56 þetta sama kvöld hafi verið tilkynnt var um það til lögreglu að verið væri að ræna peningum í versluninni King-Kong, sbr. 4. tl. ákærunnar.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 26. mars sl., sem fram fór að viðstöddum verjanda ákærða, sagðist ákærði ekki muna eftir þessu tilviki en þegar honum voru sýndar umræddar myndir kvaðst hann geta staðfest að þær væru af honum og sagðist ekki þræta fyrir að hafa verið þarna að verki.

Ákærði neitar sök. Kveðst hann hafa verið staddur í “King Kong” að ræna þar þegar þetta gerðist, sbr. 4. tl. ákærunnar. Hafi það verið strákur að nafni Eggert sem reyndi að ræna A. Þegar honum er bent á það að lögregluskýrslur um þessa atburði beri það með sér að þessir atburðir hafi ekki gerst samtímis og atvikið í “King Kong” gerst 16 mínútum síðar, segir hann að hann hafi verið að kanna aðstæður í “King Kong” þegar þetta gerðist. Hafi hann verið “svolítið dópaður” og halda að svona hafi þetta verið. Hann muni ekki hvernig hann var klæddur þetta kvöld og segist hann aðspurður ekki eiga hvíta dúnúlpu. Honum er þá bent á það að á ljósmyndum sem teknar hafi verið af honum í raftækjaversluninni “Max” 14. febrúar, sbr. ákærulið 1, hafi hann verið klæddur í hvíta dúnúlpu. Segist hann halda að það sé hann sem sjáist á myndinni. Hann segist hafa búið í Æsufelli 4 á þessum tíma og gestkvæmt verið þar. Hafi hann líklegast tekið eina úlpuna þar til handargagns. Þá er ákærða bent á það að myndir sem teknar hafi verið í Select fyrr um kvöldið og bornar hafi verið undir hann hjá lögreglu sýni einnig mann í hvítri dúnúlpu og hann kannast við að vera á myndunum. Ákærði sér myndirnar í réttinum og segist hann ekki kannast við sig þar og ekki hafa séð þessar myndir fyrr en nú.

A hefur skýrt frá því að hún hafi farið inn í Select til þess að taka út peninga úr hraðbanka og versla dálítið. Hafi hún svo sest út í bíl sinn og þá orðið vör við mann þarna úti, sem hún hafði séð inni í búðinni. Hafi maðurinn svo skyndilega sest inn í aftursætið í bílnum og þvöglað að hann væri með sprautunál, sem hann hélt að hálsi hennar. Hafi hann hót að stinga hana í hálsinn ef hún léti hann ekki hafa peninga og væri hann dópsjúklingur. Segist hún hafa sér glitta í sprautunálina, æpt upp af hræðslu og sagt honum að fara út úr bílnum. Kveðst hún hafa sagt dóttur sinni, sem var með henni, að fara út og svo farið sjálf út úr bílnum en maðurinn orðið eftir í bílnum. Hún segir manninn hafa verið í ljósum gallabuxum, að hana minnir, stuttum, hvítum jakka, rauðri hettupeysu undir jakkanum og með gráleita húfu. Hún sér ákærða í dóminum og kveðst þar þekkja manninn sem um ræðir. Hún sér í dóminum myndir sem teknar voru í Select í umrætt sinn og sýna ákærða þar inni í búðinni. Segir hún þær sýna mann þennan og kannast við klæðnað hans. Hún kveðst enn ekki hafa jafnað sig af áfallinu sem hún varð fyrir við þetta og dóttir hennar hafi einnig orðið mjög miður sín út af þessu og sé hún alls ekki búin að jafna sig og geti ekki sofið ein. Hún kveðst hafa forðast að ræða þennan atburð við stúlkuna.

Dóttir A, B hefur komið fyrir dóminn. Hún hefur skýrt frá því að maður, sem hún hafði tekið eftir þarna inni á Select rétt áður, hafi komið í bílinn til þeirra mæðgnanna með nál í hendi. Kveðst hún einungis hafa séð nálina en ekki hvort hún var föst við sprautu. Hafi maðurinn sagst vera sjúklingur og sagst mundu stinga móður hennar ef hún léti hann ekki fá peningana. Maðurinn hafi setið í aftursætinu og haldið nálinni að hálsi móður hennar. Þær hafi farið úr bílnum og kveðst B hafa hlaupið inn í bensínstöðina og kallað á hjálþ. Maðurinn hafi verið í hvítum jakka, rauðri hettupeysu og með svarta húfu. Hún sér í dóminum myndirnar sem fyrr greinir og segir hún þær geta verið af manninum. Hún segist

hafa átt í erfitt eftir atburðinn. Bæði sé hún hrædd við að fara á þennan stað aftur og eins eigi hún í erfiðleikum með svefn. Vilji hún helst ekki sofa ein í herbergi sínu.

Aðalsteinn lögreglumaður hefur rannsakað rækilega hversu langt sé að fara á milli King-Kong og Select. Samkvæmt staðfestri skýrslu hans um þessa rannsókn eru tvær gönguleiðir á milli verslananna, önnur 400 en hin 460 metrar. Segir þar að lögreglumaðurinn hafi gengið skemmri leiðina á 4 – 5 mínútum og skokkað hana á 2 – 3 mínútum. Lengri leiðin hafi verið 5 – 6 mínútna ganga og 2 – 3 mínútna skokk.

Helga Þórormsdóttir, sem var starfandi í versluninni segist hafa tekið eftir pilti sem þarna hafði verið staddur og henni þótti grunsamlegur. Hafi hann virst vera að fylgjast með konu, sem kom ásamt ungrri stúlku, til þess að nota hraðbankann. Þegar konan fór út hafi hann elt hana en stuttu eftir það hafi dóttir konunnar komið grátandi inn í búðina og inn fyrir afgreiðsluborðið. Hafi hún sagt að maður héldi sprautu við háls móður hennar. Kveðst hún hafa farið út að aðgæta með þetta en maðurinn þá verið farinn. Hún segist hafa kannast í sjón við manninn sem hún hafði séð fylgjast með konunni. Hann sé ekki mjög hávaxinn og hafi, þegar þetta gerðist, verið í gallabuxum, rauðri hettupeysu og með húfu. Þá geti verið rétt, sem segir í skýrslu vitnisins hjá lögreglu, að hann hafi verið í jakka. Maðurinn hafi náðst á myndbandsupptöku í myndavélum verslunarinnar. Hafi verið prentuð út mynd úr vélunum og fengin lögreglunni.

## Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Leitt hefur verið í ljós að ekkert er því til fyrirstöðu að hann hefði getað verið á Select og King-Kong á þeim stundum sem greinir að ofan. Ljósmyndunum sem teknar voru í Select svipar til ákærða og viðbára hans fyrir dómi um hvítu flikina er þýðingarlaus og ruglingsleg, enda kannaðist hann við sig á myndunum í lögregluþyrirheyrslu. Þá hefur A borið kennsl á ákærða, að vísu ekki í formlegri sakbendingu, sem þann mann sem settist inn í bílinn til þeirra mæðgna. Loks er þess að geta að þeim mæðgunum ber saman lýsingu á manninum og þær hafa lýst athæfi hans á sama veg, þar á meðal að hann hafi verið með sprautunál sem hann hótaði að stinga með ef hann fengi ekki afhenta peninga. Telst því vera sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi þarna verið að verki og reynt að ræna peningum af A eins og lýst er í ákærinni. Hefur hann með því orðið sekur við þau refsíákvæði sem tilfærð eru við þennan ákærulið.

## 4. tl. ákæru.

Samkvæmt óstaðfestri lögregluskýrslu var það klukkan 20.56 miðvikudagskvöldið 19. mars sl. að tilkynnt var um það til lögreglu að verið væri að ræna peningum í versluninni King-Kong. Þegar lögreglumenn komu þar að var þeim sagt að þar hefði maður í rauðri hettupeysu verið í búðinni og sýnt af sér grunsamlegt hátterni. Hann hefði svo reynt að ná veski af konu sem þarna og verið með sprautunál í hendi. Síðan hefði hann hoppað yfir afgreiðsluborðið og látið afgreiðslustúlku segja sér hvernig kassinn væri opnaður. Hefði hann tekið peninga úr kassanum og hlaupist á brott.

Ákærði játaði í yfirheyrslu hjá lögreglu 26. mars sl. að hafa gerst sekur um rán í söluturninum King-Kong í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa veist að konu og reynt að ræna hana veski og síðan að hafa tekið peninga úr kassanum. Hann neitaði því þó að hafa verið með nál í sprautunni.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði að hafa farið í þennan söluturn og hafa verið með sprautu í hendi og ógnað og hótað starfskonum þar eins og lýst er í ákæru og að lokum tekið 18 þúsund krónur úr sjóðsvélinni í versluninni og haft á brott með sér. Hann tók þó fram að engin nál hefði verið í sprautunni. Í aðalmeðferð málsins hefur hann viðurkennt að hafa komið í söluturninn í umrætt sinn og verið með sprautu. Hann segist ekki muna allt sem gerðist þarna og muni hann ekki eftir því að hafa veist að Dagnýju Gloríu Sigurðsson og reynt að ná af henni veskinu eða að hafa hótað um að stinga hana með sprautunni. Þá kannast hann að hafa ógnað starfsmanni söluturnsins, Guðnýju Guðmundsdóttur með sprautunni og tekið 18.000 krónur úr peningakassa verslunarinnar. Hann tekur þó fram að hann muni ekki nákvæmlega eftir því hvað hann sagði við konuna. Hann neitar því að nál hafi verið í sprautunni.

Guðný Guðmundsdóttir, sem var við afgreiðslustörf í “King-Kong” í umrætt sinn hefur skýrt frá því að maður hafi komið þar inn og staðið þar við nokkra stund, á að giska 20 mínútur en kannski skemur. Hafi hann virst vera að fylgjast með konu sem stóð við spilakassann. Hafi hann reynt að ná veski sem stóð upp úr vasa hennar af konunni en hún haldið í veskið. Kveðst vitnið hafa farið konunni til hjálpar. Hafi maðurinn sagst vera með sprautunál en vitnið kveðst ekki hafa séð nálina með vissu en hann hafi verið með eitthvað í hendinni sem hann otaði að þeim. Konan hafi komist á braut með veskið. Maðurinn hafi sagst vera fikill, eyðnismitaður og með lifrabólgu og að nálin væri smituð af þessu. Þá hafi hann sagt að hann vantaði peninga. Hann hafi svo stokkið inn fyrir afgreiðsluborðið og spurt hvernig ætti að opna kassann. Hafi hann svo opnað kassann, tekið úr honum peninga og hlaupið út. Maðurinn hafi verið í rauðri hettupeysu og minnir hana að maðurinn hafi einnig verið með húfu. Hún kveðst hafa hringt í lögregluna meðan á þessu gekk.

Dagný Gloría Sigurðsson hefur skýrt frá því að hún hafi verið stödd í King-Kong í umrætt sinn. Hún kveðst hafa verið að spila í spilakassa þarna og orðið vör við mann standa þarna rétt hjá henni. Hafi hún fært vasa með veski til hliðar frá manningnum í varúðarskygni en maðurinn þá sagst henni að láti sig fá veskið. Hafi maðurinn náð taki á veskinu og þau togast á um það um stund og hún haldið í það af öllum kröftum og hrópað á hjálp. Maðurinn hafi haldið sprautu með nál að hálsi hennar og hún verið mjög óttaslegin. Enginn hafi komið henni til hjálpar en henni hafi þó tekist að ýta honum frá sér og losnað og hlaupið út. Hún kveðst ekki hafa veitt útliti mannsins athygli en þó geti hún sagt að hann hafi verið í rauðri hettupeysu með hettuna yfir höfðinu. Hún sér í dóminum myndirnar, sbr. næsta ákærulið á undan, og segir hún þær geta verið af manningnum. Hún kveðst ekki vera viss um það hvort maðurinn á myndunum sé líkur þeim sé reyndi að ræna hana enda hafi hún ekki séð andlit hans fyrir hettunni. Hún geti þó sagt með vissu að hann hafi verið hvítur á hörund. Hún segir aðspurð manningnum ekki hafa verið móðan. Hún kveðst hafa verið örmagna eftir þetta og svo verið nærri mánuð með verki í handleggjunum eftir að hafa ýtt á móti manningnum í átökunum. Hafi það tekið hana mánuð að ná sér eftir þetta. Hún segist enn bera í brjósti ótta þegar hún

fari út að kvöldlagi.

## Niðurstaða

Ákærði hefur játað að hafa farið inn í söluturninn King-Kong og reynt að ræna þar konu við spilakassa og ennfremur að hafa rænt peningum úr peningakassanum þar. Hefur hann játað að hafa ógnað konunni og konu, sem var við störf í versluninni, með sprautunál og hótáð að stinga þær með henni. Játning ákærða er í fullu samræmi við það sem konurnar bera um þennan atburð. Hafa konurnar verið sérstaklega spurðar út í það hvort ákærði hafi ógnað þeim með sprautunál eða nálarlausri sprautu og þær sagt að hann hafi verið með nál. Með játningu ákærða og vætti kvennanna telst vera sannað að ákærði hafi með hótunum um að stinga þær með sprautunál reynt fyrst að ræna aðra þeirra peningaveski og svo rænt 18.000 krónum úr peningakassa söluturnsins. Þá telst sannað með vætti kvennanna og þrátt fyrir neitun ákærða að hann hafi verið með sprautunál sem hann lét þær sjá. Hefur hann með því orðið sekur við þau refsíákvæði sem tilfærð eru við þennan ákærulið.

## 5. tl. ákæru.

Samkvæmt óstaðfestri lögregluskýrslu var það fimmtudaginn 20. mars sl., kl. 12.02, að tilkynning barst um það til lögreglu að maður hefði rænt peningum úr peningakassa “Leifasjoppu” við Iðufell. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu fyrir afgreiðslumann þar sem sagði þeim að maður hefði komið inn með notaða sprautunál og hótáð afgreiðslumanninum að smita hann með lifrabólgu ef hann léti honum ekki eftir að taka peninga úr kassanum. Hefði maðurinn svo opnað kassann og tekið úr honum eitthvað af seðlum og mynt og horfið á braut. Teknar voru fimm myndir úr eftirlitsvél verslunarinnar og sýna þær ungan mann í hettupeysu og með húfu, í dökkum jakka. Myndirnar eru svo óskýrar að erfitt er að greina andlitsdrætti á þeim. Myndirnar eru tímasettar á bilinu kl. 11:57:08 til kl. 12:01:20.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 26. mars sl., sem fram fór að viðstöddum verjanda ákærða, sagðist ákærði ekki muna eftir þessu tilviki en þegar honum voru sýndar umræddar myndir kvaðst hann sjá að myndirnar væru af honum og sérstaklega kannaðist hann við fatnaðinn sem væri eins og sá sem hann hefði verið í á þessum tíma.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði að hafa rænt 27 þúsund krónum úr söluturninum “Leifasjoppu” með sprautu og hótáð að smita starfsmann þar af lifrabólgu. Hann tekur fram varðandi þetta að engin nál hafi verið í sprautunni. Í aðalmeðferð málsins hefur hann viðurkennt að hafa komið í “Leifasjoppu” í umrætt sinn með sprautu, og neytt afgreiðslumanninn til þess að þola honum að fara í peningakassann og taka þar peninga. Hann segir að nál hafi ekki verið í sprautunni og sé hann alveg viss um það.

Flosi Þorleifsson, sem var við afgreiðslustörf í búðinni í umrætt sinn, hefur skýrt frá því að maður hafi komið þar inn. Hafi maðurinn opnað hlerann á afgreiðsluborðinu, gengið í áttina til vitnisins og sagt að “þetta væri rán”. Myndi hann stinga vitnið með sprautu sem hann hélt á ef vitnið hringdi í lögregluna.

Kveðst vitnið hafa séð að nál var á sprautunni. Hafi maðurinn sagst vera með eyðni og lifrabólgu og væri nálin smituð af þeim sjúkdómum. Hafi hann tekið peninga úr öðrum peningakassanum en meðan á því stóð hafi viðskiptavinur komið inn og vitnið því farið og afgreitt þann mann úr hinum afgreiðslukassanum. Hafi ránsmaðurinn svo spurt hvort hann ætti meira til og kveðst vitnið þá hafa vísað honum á hinn peningakassann.

## Niðurstaða

Sannað er með játningu ákærða og vætti starfsmannsins í “Leifasjoppu” að ákærði fór þar inn með sprautu í hendi og hótaði að stinga starfsmanninn með henni ef hann léti hann ekki hafa peninga úr peningakassa. Þá er sannað á sama hátt að ákærði tók úr tveimur peningakössum nokkra fjárfúlgju, allt að 27.000 krónur. Ákærði neitar því sem vitnið segir að nál væri í sprautunni og þótt líkur hljóti að teljast vera fyrir því verður það ekki talið sannað gegn neitun hans. Telst ákærði hafa orðið sekur við það refsíákvæði sem tilfært er við þennan ákærulið.

## 6. tl. ákæru.

Klukkan 11.00, föstudaginn 21. mars sl. var tilkynnt um það til lögreglu að maður hefði komið verslunina “Select” og rænt þar peningum. Þegar lögreglumenn komu á vettvang var þeim sagt að maður hefði komið inn fyrir afgreiðsluborðið og ógnað starfsfólki með sprautu. Hefði hann tekið peninga úr kassa verslunarinnar og tvær vindlingalengjur og horfið á braut. Teknar voru myndir úr eftirlitsvél verslunarinnar og sýna þær ungan mann sem svipar til ákærða

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 26. mars sl., sem fram fór að viðstöddum verjanda ákærða, sagðist ákærði hafa farið í “Select” ásamt öðrum pilti til þess að ræna. Kannaðist hann við að þær væru af honum. Kvaðst hann hafa sagt við starfsstúlku þarna inni að þetta væri rán og að stúlkan hefði rétt honum peninga. Þá hefði hann tekið þarna tvö vindlingakarton. Ekki kvaðst hann muna eftir sprautunál í þessu sambandi eða að hafa hótað því að stingafólkið með nál.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði að hafa rænt 65 þúsund krónum úr versluninni “Select” og að hafa ógnað starfsstúlku þar með sprautu og rænt 65 þúsund krónum og tveimur sigarettukartonum. Hann sagði að ekki hefði verið nál í sprautunni í þetta sinn. Í aðalmeðferðinni hefur hann kannast við að hafa komið í verslunina en sagt að engin nál hafi verið í sprautunni. Hann segist álíta að þegar fólk sjái sprautu í höndum manns við þessar kringumstæður telji það sig sjá nál í henni þótt engin nál sé til staðar. Hann muni ekki vel eftir þessum atburði og muni t. d. ekki eftir að hafa tekið vindlingalengjurnar. Hann segist þó ekki rengja það að hann hafi tekið þær.

Elín Oddrún Jónsdóttir, sem var við afgreiðslustörf í “Select” í umrætt sinn og stóð fyrir innan afgreiðsluborðið, segir strák hafa komið inn fyrir borðið og haldið á sprautunál sem hann sagði að væri smituð af C-lifrabólgu. Vildi hann fá peninga og hafi hann fengið þá og tvær vindlingalengjur og farið með það. Vitnið kveðst ekki hafa séð sprautuna heldur einungis nálina sem stóð út úr greip hans.

Debbie María Shackelford var við afgreiðslustörf í versluninni í umrætt sinn og hefur greint frá því að maður hafi staðið inni í versluninni og skyndilega hafi hún orðið þess vör að hann var kominn inn fyrir afgreiðsluborðið. Hafi hann sagt vera með sprautunál, smitaða með C-lifrabólgu, og sagt þeim að opna kassana sem þær hafi og gert. Hafi maðurinn verið með litla sprautunál, að því er vitninu sýndist, sem hafi staðið fram úr greip hans. Hún segist hafa jafnað sig af þessu áfalli á nokkrum dögum.

Eggert Kári Kristjánsson, sem hafði réttarstöðu grunaðs manns í lögreglurannsókninni, hefur komið fyrir dóm og sagt frá því að hann hafi verið staddur “þarna á staðnum” og séð það þegar náungi sem heiti “Markús” hafi hlaupið inn fyrir borðið og tekið upp sprautu með nál í, ota henni að fólki og sagt því að koma með peningana. Hann hafi svo sagt við sig að koma sér út. Hann kveðst hafa tilkynnt um þetta til lögreglunnar þegar hann var kominn út. Þegar lögreglan kom á vettvang kveðst hann hins vegar hafa verið handtekinn og settur í gæsluvarðhald. Hann kveðst kannast við strákinn og hafa hitt hann deginum áður í Æsufelli 4, heima hjá pilti að nafni Róbert. Hafi það verið tilviljun að fundum þeirra bar saman þarna í “Select”. Undir vitnið er borin skýrsla sem hann gaf hjá lögreglu 26. mars og þar sem haft er eftir honum að hann hefði hitt ákærða skammt frá Austurbergi og þeir tekið tal saman. Hefði ákærði gengið yfir að búðinni og hann á eftir ákærða og fengið sér að borða þar. Hefði hann svo séð ákærða fremja brotið þar inni. Neitar hann því að þetta hafi gerst svona. Hafi hann ekki komist að því sem gerst hafði fyrr en honum var sagt það eftir vikulangt varðhald á Litla-Hrauni. Frásögn vitnisins er annars talsvert ruglingsleg og m. a. nefnir hann ákærða ýmist Markús eða Mark Gunnar. Hann segir það ekki vera rétt haft eftir sér í skýrslunni að ákærði hefði sagst hafa rænt bæði King-Kong og "Leifasjoppu". Vitnið snýr svo við blaðinu og segir skýrsluna vera rétta.

## Niðurstaða

Ákærði hefur viðurkennt að hafa rænt umrædda verslun 65.000 krónum í peningum og tveimur vindlingakartönum. Hann kveðst þó ekki muna eftir öðru en að hann hafi farið þarna inn og sagt vera kominn til þess að ræna en neitar því að hafa verið með sprautunál. Tvær konur í búðinni bera að hann hafi komið þar inn með sprautunál og hótad að stinga þær með henni og smita þær fengi hann ekki peninga. Verður að byggja á frásögn kvennanna um þetta og telja sannað að ákærði hafi verið með sprautunál sem hann hótaði að stinga þær með. Þá telst sannað með játningu ákærða og vætti kvennanna að að hann hafi rænt þær þeim verðmætum sem greinir í þessum ákærulið. Telst ákærði hafa orðið sekur við það refsíákvæði sem þar er tilfært.

Það athugast að framburður Eggerts Kára Kristjánssonar er svo mótsagnakenndur og óljós að ekki þykir vera óhætt að byggja neitt á honum.

## **Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður**

Páll Matthíasson geðlæknir hefur framkvæmt geðrannsókn á ákærða. Niðurstaða hans er sú að ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann framdi brotin sem hér um ræðir. Í rækilegri skýrslu læknisins, dagsettri 1. júlí sl. segir svo m.a.:

“31.

Fjölskyldusaga: Faðir Marks byr í Englandi og mun þjást af geðhvarfasýki. Ekki mun saga um aðra geðsjúkdóma í ætt. Móðirin er öryrki en reynir af besta mætti að styðja við Mark. Eldri systir hans, Amanda, byr á Íslandi og er menntuð sem aðstoðarmaður tannlæknis.

3.2.

Persónusaga: Mark fæddist í London en fluttist tveggja ára til Íslands. Hann gekk í ýmsa skóla á Reykjavíkursvæðinu og síðan eina önn í MK við grunndeild matvæla. Hann hefur nær ekkert unnið fyrir sér og hefur búið mjög víða, f.o.f á Reykjavíkursvæðinu en einnig í Englandi í u.þ.b. 3 ár frá 2001. Hann hefur mest lifað af styrk frá Félagsþjónustunni og stundum á örorkubótum.

3.3.

Neyslusaga: Mark virðist hafa farið að drekka áfengi 13-14 ára gamall. 14-15 ára gamall var hann farinn að nota hass reglulega. Hann hóf síðan mikla blandaða neyslu fikniefna 17 ára gamall og hefur verið sprautufikill um 6 ára skeið. Hann á margar meðferðir að baki, bæði á vegum SÁÁ, á Hlaðgerðarkoti og deild 33-A á Landspítala. Hann er smitaður af lifrabólgu C.

3.4.

Geðsaga: Mark hefur legið 16 sinnum inni á geðdeild Landspítala, fyrst í maí 2001 og síðast nú í janúar til febrúar 2008. Að auki lá hann inni á geðdeild í Colchester í Essex í Englandi um eitthvert mánaða skeið á meðan hann bjó þar í landi fyrir nokkrum árum. Mikil neysla hefur alltaf tengst aðdraganda innlagna Marks, en jafnframt hafa geðrofseinkenni sést í mörgum legum á geðdeild. Er þar bæði um að ræða aðsóknarranghugmyndir, heyrnar- og sjónrænar ofskynjanir. Þessi einkenni hafa oft verið lengi að hverfa í kjölfar neyslu, þrátt fyrir meðferð með geðrofslyfjum, og innlagnirnar því stundum staðið lengi. Hefur hann verið nauðungarvistaður og var sviptur sjálfraeði í 1 ár frá 21. September 2005. Mark lýsir því að hann hafi á stundum tekið geðrofslyfið Zyprexa (olanzapine) og það hjálpað honum að ná sér eftir stífa neyslu. Mark var lengi á Cisordinol forðasprautum og virtist bera minna á geðrofseinkennum er hann tók þær sprautur, jafnvel þótt hann væri í neyslu. Hann hefur oft óskað eftir aðstoð, en gengið illa að nýta sér hana og fyrir hefur komið að honum hafi verið vísað úr meðferð á deild 33-A á geðdeild Landspítala vegna fikniefnaneyslu á deildinni.

3.5.

Veikindi á þeim tíma er tengist núverandi málum:

### 3.5.1.

Mark var í júlí 2007 í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur til að hlíta gjöf geðrofslyfs á forðasprautuformi á 14 daga fresti og skyldi meðferðin vera í höndum og á ábyrgð geðlækna við geðdeildir Landspítala. Ákveðið var af læknum geðdeildar að gefa honum 100mg Cisordinol í vöðva á tveggja vikna fresti. Illa gekk framan af að framfylgja dómnum. Krístrún móðir hans hafði miklar áhyggjur af honum og ítrekaði í bréfi til Dómsmálaráðherra 22.09.07. að Mark væri hættulegur án lyfjagjafar. Með samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu batnaði meðferðarhaldni þar sem Mark var sóttur ef annað gekk ekki. Búsetumál Marks voru áfram í miklum ólestri og hann var í mikilli neyslu. Hann lagðist inn á deild 32C og síðan 33A á Landspítala 11.01. - 08.02.2008. Var það í kjölfar alvarlegrar sjálfsvígstilraunar á Gistiskýlinu þar sem hann reyndi að hengja sig. Þann sama dag hafði hann fengið forðasprautu en há hafði mánuður liðið frá sprautunni á undan.

### 3.5.2.

Á ýmsu gekk í innlögninni á 33A. Mark braut ítrekað deildarreglur og áfram sáust merki geðrofs þótt hann væri inniliggjandi. Hann lét þó í ljós ósk um að fá hjálp og var fyrirhugað að hann yrði á deildinni uns hann komist að í meðferð í Krýsuvík. Þau áform féllu þó um sjálft sig er Mark varð uppvís að Dví að sprauta sig í æð með ópíötum; var honum í kjölfarið vísað af deild þann 08.02. en fékk þó forðasprautu áður.

### 3.5.3.

Mark flutti við útskrift af 33-A til félaga af deildinni uppi í Breiðholti sem var í virkri neyslu og virðist sjálfur hafa farið beint aftur í neyslu. Mark var áfram á Krýsuvíkurbíðlistanum og ítrekaði reglulega og samviskusamlega ósk sína um að komast þangað inn. Þann 21.02. kom hann í viðtal í fylgd geðhjúkrunarfræðings úr vettvangshjúkrunarteymi geðdeildar en hvarf áður en hægt væri að gefa honum sprautuna. Þann 25.02. kom hann á Landspítala, fékk Cisordinol [100] mg í vöðva og sagðist feginn að fá sprautuna, hann væri miklu minna "nojaður" þegar hann væri á sprautunni. Sagðist vera í daglegri neyslu en væri enn á bíðlista eftir Krýsuvík. Hann var rólegur og kurteis. 04.03. kom Mark á göngudeild áfengis á geðdeild Landspítala. Hann bað um að komast í afeitrun á 33A áður en hann færi í Krýsuvík, hann væri í blandaðri neyslu. Hann var "skýr og kurteis". 05.03. kom Mark í viðtal ásamt móður sinni. Hitti Andrés Magnússon settan yfirlækni á 33A. Í viðtalinu segist hann "mun stabílli eftir að hann fór á Cisordinol sprauturnar, hann virðist ekki fara í geðrofsástand í kjölfar neyslu nú líkt og hann gerði áður. Honum finnst þó stundum óþægilegt að vera á sprautunum vegna óljósra kvartana um aukaverkanir. Bindur vonir við að komast í Krýsuvík. Segist hafa verið í mikilli neyslu að undanfögnu, sérstaklega kókaín-neyslu." Engin geðrofseinkenni eða sjálfsvígshugsanir koma fram. 11.03. kemur Mark á göngudeild geðdeildar, ekið af móður sinni. Vildi þá ekki sprautuna en fékk hana síðan að áeggjan móður seinna um daginn er hann mætti aftur, var þó tregur til. Ítrekaði beiðni um 33A. Var lýst sem óhreinum og döprum en ekki með sjálfsvígshugsanir. Næst kom Mark á geðdeild 14.03., ítrekaði þá beiðni um innlögn á 33A, sagðist vera í neyslu og

"búinn á því", gæti þetta ekki lengur. Var lýst sem snyrtilegum og kurteisum, ekki áberandi vímuðum.

4. Viðtal við Mark 7. júní að réttargeðdeildinni Sogni.

4.1.

Viðtalið fór fram 1 viðtalsherbergi að Réttargeðdeildinni að Sogni 7. júní 2008. Tilgangur viðtalsins var útskýrður fyrir Mark.

4.2.

Í upphafi viðtals fer ég yfir fyrri sögu Marks. Hann dvelur lítt við smáatriði, en er opinn varðandi fyrri neyslusögu. Segist hafa drukkið frá 13 ára aldri, neytt fíkniefna lengi og sprautað sig í 6 ár með "öllu mögulegu". Leggur mikla áherslu á það að þegar hann taki ekki fíkniefni sé hann mjög skýr og eðlilegur en ruglist mjög þegar hann sé í vímuástandi "eins og aðrir, alveg eins og aðrir fiklar".

4.3.

Varðandi geðástand Marks vorið 2005, þegar hann var metinn ósakhæfur í geðrannsókn Tómasar Zoega, þá segist hann þá hafa verið í mikilli neyslu í Hlaðgerðarkoti og þá sprautað sig með bæði sterum og ritalini. Þetta skýri geðrofsástand hans þá.

4.4.

Mark segist hafa lent í mikilli neyslu strax eftir að hann sprengdi sig út af deild 33-A í febrúar síðastliðnum. Hann hafi samt sótt það fast að komast í Krisuvík sem hann telji geta hjálpað sér og hafi verið 11 vikur á biðlista er kom að páskum. Hann segist hafa verið ósáttur við að vera dæmdur til að þiggja sprautur; það hafi hjálpað sér fyrst á meðan hann var að ná sér úr neyslunni. Síðan hafi hann farið að fá aukaverkanir; depla fyrir augum, titring og kippi og honum liðið eins og "zombie" með litlar tilfinningar, "þetta hjálpar ekki með neitt". Hann fjármagnaði neyslu með fjársvikum í febrúar og segist hafa vitað hvað hann gerði. Í kringum 20. mars var hann búinn með allan pening og komst ekki niður í bæ til að fá dóp, hann var hræddur við fráhvörf. Hann neitar því að hafa komið að fyrsta málinu (farið inn í bíl og hótad móður með dóttur sinni) en segist hafa framið hin afbrotin. Þetta hafi verið skyndiákvörðun í sjoppu, að ræna hana til að fá pening fyrir meiri neyslu. Hin afbrotin hafi svo fylgt í kjölfarið. Á þessum tíma hafi hann verið undir miklum áhrifum af Rivotrili (clonazepam; sterkt róandi lyf) og muni hluti gloppótt.

4.5. Geðskoðun.

2.5.1. Útlit og hegðun: Mark er snyrtilegur maður í meðalholdum. Hann er heldur flatur en kurteis og þokkalegt yfirborðskennt rapport næst við hann, augnkontakt er aðeins starandi. 2.5.2. Tal: Tal Marks er eðlilegt að hæð og hraða, aðeins mónótón hrynjandi. Engin merki hugsunartruflana koma fram.

2.5.3. Geðslag: Eðlilegt, neitar depurð eða oflætiseinkenum. Engar sjálfsvígshugsanir koma fram né áform um að skaða aðra.

2.5.4. Hald- og skynvillur: Ekki verður vart slíks í viðtali

2.5.5. Skilvitund: Mark var með fullri meðvitund og fulláttaður í viðtali.

2.5.6. Innsæi: Mark telur sig ruglast þegar hann tekur eiturlyf og telur sig eiga við fíkniefnavanda að stríða. Hann segist nú vilja hjálp við heim vanda með meðferð og AA-fundum. Hann neitar hins vegar með öllu því að hann eigi við annan geðsjúkdóm að stríða. Honum er mjög í mun að vera metinn sakhæfur, "rétt skal vera rétt" segir hann þegar ég spyr hann hví það skipti hann svo miklu máli og segir einnig "það er betra að fá dóm og að vita hvenær maður losni, ég er bara venjulegur fíkill".

4.6.

Mark segist sjá eftir afbrotum sínum því þau hafi komið honum bak við lás og slá. Hann segist nú vilja vera áfram á Sogni (breyting frá því nokkrum vikum áður þegar hann var mjög ósáttur við að vera ekki á Litla-Hrauni) til að geta haldið sig frá dópi. Ef það gangi ekki, þá vill hann sækja um Kvíabryggju eða fangelsið á Akureyri til að halda sig frá dópi.

5. Viðtal við Mark 25. júní að réttargeðdeildinni Sogni.

5.1.

Í þessu viðtali fer ég nánar í gegnum nokkur atriði úr persónusögu Marks, sem og atriði er varða meint afbrot og afstöðu hans til þeirra. Ég framkvæmi geðskoðun og spyr nánar að atriði er tengjast HCR-20 áhættumatinu (sjá kafla 8).

5.2.

Mark lýsir því hvernig honum hafi liðið illa á Litla-Hrauni nú í kringum páskana. Hann hafi þjáðst af innilokunarkennd, sofið lítið og verið kvíðinn. Hann fékk Librium (chlordiazepoxíd; kvíðastillandi lyf) í nokkra daga en því var svo hætt. Síðan hefur hann engin lyf fengið.

5.2.

Í viðtalinu er Mark snyrtilegur og yfirvegaður. Hann er áberandi samvinnuhýður og hefur þægilega nærveru. Tal hans er eðlilegt og engin merki hugsunartruflana. Geðslag hans er eðlilegt og engin áform um að skaða sjálfan sig eða aðra. Haldvillur (ranghugmyndir) koma ekki fram né heldur skynvillur (ofskynjanir). Hann er fulláttaður. Innsæi hans virðist gott. Hann lýsir því nú að hann telji sig á stundum hafa verið ruglaðan eftir langvarandi neyslu en aldrei þegar hann neyti ekki eiturlyfj a. Hins vegar finni hann á stundum fyrir þráhyggju, jafnvel þegar hann er ekki í neyslu; [...] Aðspurður segist hann ekki hafa verið ruglaður þegar hann frarndi afbrotin í mars, tíminn í neyslu hafi ekki verið orðinn nógu langur. Hann hafi hins vegar verið undir miklum áhrifum lyfja og muni sumt illa. Hann lýsir því einnig að ákvörðunin um að fremja afbrot hafi verið tekin á augabragði í lyfjavímu en ekki hafi verið um skipulagt afbrot að ræða. Hann segist (eins og í fyrra viðtalinu) vilja leita sér hjálpar; Sogn sé rétti staðurinn, sérstaklega þar sem

hann geti þaðan komist í meðferð seinna í Krýsuvík. Hann óttast að hann muni aftur leita í eiturlyf, fari hann í fangelsi.

### 5.3.

Mark ræðir hvernig honum hafi liðið illa á geðlyfjum Degar hann var kominn úr mestu vímunni og hvernig hann voni að sú tilraun að hafa hann lyfjalausan nú muni leiða í ljós að hann þurfi ekki geðlyf ef hann haldi sig frá fíkniefnum. Hann segist ekki vondur maður og ekki hafa framið alvarleg ofbeldisverk. Þegar ég minni hann á árás er hann gerði á annan mann fyrir rámu ári og ég hef séð minnst á í gögnum, játar hann að hann hafi verið ofbeldishneigður hegar hann er hvað lengst leiddur í neyslu og búinn að missa tókin á raunveruleikanum. Aðspurður um þá fullyrðingu vitna að hann hafi nú í glæpum í mars hótað heim með sprautunál neitar hann því. Segist hann hafa notað stóra sprautu, svokallaða "pressu", sem ekki er með nál à.

[....]

## 8. Formað áhættumat.

### 8.1

Formuðu áhættumati er í vaxandi mæli beitt víða um heim til að meta hættu á að fólk sem sýnt hefur ofbeldi framkvaemi ofbeldi aftur. Algengasta áhættumatið og það sem einna best hefur verið gagnreynt er HCR-20 (Historical Clinical Review - 20), tæki sem tekur til 20 atriða sem hafa forspárgildi um hættu á ofbeldi í framtíðinni. Um 10 atriði í fyrri sögu sjúklings er að ræða sem þarf þá að fara ítarlega í, 5 sem byggjast á núverandi ástandi/geðskoðun og 5 sem lúta að áhættu miðað við þá meðferðaráætlun sem fyrirhuguð er hjá sjúklingnum. Svo dæmi sé tekið sýndi ein rannsókn að þeir einstaklingar sem skoruðu mjög hátt á HCR-20 höfðu yfir 90% líkindi á að fremja ofbeldisglæp innan 5 ára, á móti 10% í þeim fjórðungi sem lægst skoruðu.

### 8.2.

Ég hef langa reynslu af beitingu HCR-20. Ég hlaut þjálfun í notkun kvarðans við réttargeðdeild Geðfræðastofnunar Lundúnaháskóla, beitti honum í starfi í Bretlandi, fékk í nóvember síðastliðnum réttindi til að þjálfa aðra í notkun kvarðans og hef hafið kennslu á skalanum hjá læknum geðdeildar LSH.

### 8.3.

Sögulegir þættir kvarðans eru 10: Það er tvímælalaust um fyrra ofbeldi að ræða hjá Mark, meðal annars réðst hann í mars 2007 á mann á Hjálpræðishernum með járnstöng (H1 -2 stig). Ekki er ljóst að hann hafi verið undir tvítugu er hann sýndi fyrst verulegt ofbeldi (H2 – 1 stig). Vart verður við óstöðugleika í nánnum samskiptum, þótt hann hafi reyndar verið í stormasömu og slitróttu sambandi við "Heiðu" sem er einnig fikill (H3 -2 stig). Það eru til staðar miklir erfiðleikar við að halda vinnu (H4 -2 stig). Það er saga um verulega áfengis- og vímuefnaneyslu frá unga aldri (H5 – 2 stig). Alvarleg geðveiki er ekki til staðar svo fullsannað sé. Hann hefur skýra sögu um geðrofseinkenni og hefur fengið greiningar alvarlegra geðsjúkdóma. Degar litið er í gegnum skýrslur Marks er þó ljóst að alltaf hefur

verið um neyslu vímuefna að ræða á sama tíma. Nú er í gangi tilraun til að sjá hvemig Mark verður án vímuefna og án geðlyfja og verður mikilvægt að sjá hver niðurstaða þess verður (H6 – 1 stig). Varðandi geðvillu (psychopathy) þá eru viss merki til staðar um slíkt. Án þess að formuðum matsskala (Psychopathy Checklist – short version) sé beitt er þó rétt að sleppa þessum þætti í skorun (H7 -sleppt). Um talsverða erfiðleika var að ræða í barnæsku. Mark átti drykkfelldan og geðsjúkan föður sem beitti móður hans og hann sjálfan ofbeldi. (H8 -2 stig). Mark sýnir viss merki andfélagslegrar persónuleikaröskunar. Hann sýndi veruleg hegðunarröskunareinkenni sem unglingur (sem uppfylla skilmerki Conduct Disorder). Hann er verulega hvatvís og er af nokkrum viðmælendum lýst sem flötum og "manipulerandi". Varðandi önnur skilmerki þessarar persónuleikaröskunar er hins vegar ekki hægt að fullyrða þar sem ekki er hægt að útiloka að um áhrif vímuefna sé að ræða. Því er ekki hægt að greina þessa persónuleikaröskun með vissu að svo komnu máli. (H9 – 1 stig). Veruleg reynsla er komin á erfiðleika með að halda meðferðaráætlun sem styðja það að um erfiðleika sé að ræða í því sambandi. (H10 -2 stig). (15 stig).

#### 8.4.

Klínískir þættir kvarðans eru 5: Mark virðist ekki skorta innsæi á alvarleika þeirra stöðu sem hann er í. Hann er mjög afneitandi á að hann geti haft geðsjúkdóm í fyrstu en virðist heldur tilbúnari til að samþykkja slíkt í okkar seinna viðtali. Hann telur sig ekki þurfa geðlyf. Mark virðist gera sér grein fyrir ístöðuleysi sínu gagnvart fíkniefnum og óskar eftir skýrum ramma (Sogni og Krýsuvík) til að takast á við það. Nokkuð innsæi er því til staðar (C1 -1 stig). Mark er alls ekki bitur út í reglur samfélagsins og virðist þrá að fylgja þeim og vera "venjulegur borgari". Hegðun hans bendir hins vegar iðulega til annars, en þá ber þess að gæta að hann er þá undir áhrifum vímuefna. Ahyggjum veldur það álit tveggja meðferðaraðila að Sogni að Mark upphefji gildi eiturfjafaheimsins. (C2 – 2 stig). Ekki verður vart virkra geðrænna einkenna í viðtölum. Það er þó alls ekki ljóst ennþá hvort slík einkenni muni koma fram við frekara mat án geðrofslyfja. (C3 -1 stig). Lítil hvatastjórn (impulsivity) er mjög áberandi í hegðun Marks, jafnt fyrr sem nú og styðja upplýsingar heimildamanna það. (C4 -2 stig). Mark virðist svara geðrofslyfjameðferð að hluta. Þannig dregur úr líkum á geðrofsástandi í neyslu. Meðferð á fíknivanda hans hefur hins vegar engan árangur borið fram að þessu. Það verður því að líta svo á að hann hafi ekki svarað meðferð fram að þessu (C5 -2 stig). (8 stig).

#### 8.5.

Áhættustjórnunarþættir (risk management items) kvarðans eru 5: Þegar þessi hluti kvarðans er notaður er mikilvægt að hugleiða þann farveg sem mál viðkomandi mun fara í. Hér mun ég setja upp tvær leiðir: a) Að Mark verði haldið á meðferðarstofnun eins og Sogni í langan tíma (1 -2 ár hið minnsta) með dómi. b) Að Mark fari í fangelsi í einhvern tíma en útskrifist síðan.

#### a) Mark á meðferðarstofnun (t.d. Sogni) í langan tíma með dómi.

-Mark vill sjálfur fá hjálp við sínum fíknivanda. Skýr meðferðaráætlun með virkri þátttöku í AA-prógrammi og reglulegu mati geðlæknis með meðferðarinngrípum ef þörf krefur (bæði lyfjum og viðtölum) er raunhæf leið (R1 -0 stig).

- "Destabiliserandi" þættir eru áfengi og vímuefni. Í skýrum meðferðarramma er hægt að halda slíkum þáttum í lágmarki sem og leiða, húsnæðisvanda, atvinnuleysi og fátækt og félagsskap við aðra fíkla í neyslu (R2- 0 stig).

-Persónulegt stuðningsnet, fyrst og fremst móðir Marks, er til staðar og mun hjálpa honum að takast á við sinn fíkniefnavanda en einnig styðja hann ef hann reynist hafa alvarlegan geðsjúkdóm. (R3-0 stig).

- Varðandi meðferðarhaldni þá tryggir þessi leið að hann fylgi meðferð. (R4- 0 stig).

-Varðandi streituþætti þá er ljóst að minna álag verður á Mark sé hann í mjög skipulögðu meðferðarþrógrammi með skipulagðri eftirfylgd að því loknu með skýrum ákvæðum um endurinnlög rjúfi hann meðferðarsamning. (R5- 1 stig).

(1 atig)

#### b) Mark fer í fangelsi en útskrifast síðan.

-Mark lendir mjög líklega í vímuefnum í fangelsi. Áform hans um að leita sér hjálpar við útskrift ganga ekki, hann lendir á biðlistum eftir meðferð en er í virkri neyslu á meðan með mjög mikilli áhættu á að lenda í geðrofsástandi og fremja auðgunar- og/eða ofbeldisafbrot. (R1-2 stig).

- "Destabiliserandi" þættir eru áfengi og vímuefni. Þessir þættir eru til staðar í verulegu magni í venjulegu fangelsi. Eftir útskrift mun leiði, húsnæðis- og peningavandi, auk lítilla tengsla við aðra en fíkla leiða fljótt í sama farveg og áður (R2 -2 stig).

-Persónulegt stuðningsnet verður til staðar (móðir Marks) en á óhægara um vik þar sem Mark mun eftir lausn úr fangelsi lenda aftur í umhverfi sem felur í sér miklar freistingar (R3 -1 stig).

-Veruleg hætta er á lítilli meðferðarhaldni í ljósi fyrri sögu Marks. Það á einkum við eftir lausn úr fangelsi. Nokkur hætta er á að Mark muni ekki fylgja að fullu ráðleggingum meðferðaraðila varðandi lyf og aðra meðferð í ljósi fyrri meðferðarsögu, einkum ef hann er kominn í virka neyslu sem telja má líklegt. Árangur fyrri meðferða án þess að þvingunarúrræðum vaeri beitt er afar lélegur (R4 -2 stig).

-Varðandi streituþætti þá verða þeir ærnir; fyrst í fangelsi en síðan enn frekar eftir útskrift. (R5- 2 stig).

(9 stig)

8.6.

Í heild skorar Mark a.m.k. 24 stig af 38 mögulegum (geðvilluþætti sleppt) ef hann verður dæmdur í meðferð (á Sogni) og síðan skýra eftirmeðferð til langs tíma. Ef hann fer hins vegar þann farveg að fara í fangelsi og útskrifast síðan þá skorar hann

32 af 38 mögulegum stigum (geðvilluþætti sleppt). Stigagjöf ein sér segir þó ekki mikið, mikilvægara er að nota formað áhættumat til að hjálpa til við að leggja mat á það hvort lítil, meðalmikil eða verulega mikil hættu sé á að ofbeldi endurtaki sig miðað við fyrirliggjandi meðferðaráætlun.

## 8.7.

Mark skorar mjög hátt á HCR-20 áhættuskalanum en í honum eru teknir til þættir sem hafa í fjölmörgum rannsóknum sýnt sig að hafa forspárgildi um/tengsl við seinna ofbeldi. Jafnvel þótt hann fari í úrræði eins og réttargeðdeildina á Sogni til lengri tíma og fái síðan eftirfylgd sérstaks þverfaglegs teymis (sem ekki er til á þessari stundu) þá er talsverð áhætta á að ofbeldi endurtaki sig. Fari hann hins vegar þann farveg að fara í fangelsi og vera síðan sleppt þá er mjög mikil hættu á að ofbeldið endurtaki sig (skv. erlendum rannsóknum er talað um u.þ.b. 90% líkur á að álíka hættulegt eða hættulegra athæfi gerist innan næstu ára).

## 9. Álit.

### 9.1.

Spurt er hvort Mark hafi verið sakhæfur í skilningi 15. greinar almennra hegningarlaga, er hann framdi brot þau í febrúar og mars síðastliðnum, er hér eru til meðferðar. Ítarleg könnun mín á geðhag Marks á þessum tíma, byggð á sjúkraskýrslum og frásögn Marks og móður hans sem og lýsing Marks og vitna að afbrotunum í mars, með hliðsjón af 17. grein almennra hegningarlaga, leiðir til eftirfarandi niðurstöðu: Ekkert bendir til að geðhagur Marks hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið ósakhæfur í skilningi 15. greinar hegningarlaga. Hann hefur á þessum tíma greinilega verið undir áhrifum vímuefna (nautnalyfja) sem hafa skert dómgreind hans og fíknin hefur verið aflvaki afbrotanna, þar sem hann vantaði fé til að fjármagna frekari neyslu. Hafa má þó í huga að um er að ræða mann sem er í grunninn ístöðulítill og hvatvís og að auki haldinn alvarlegum fíknisjúkdómi sem hann hafði óskað aðstoðar við mánuðum saman.

### 9.2.

Einnig er spurt hvort ætla megi að refsing beri árangur, sbr. 16. grein almennra hegningarlaga. Í ljósi skýrslu minnar hér að ofan og sérstaklega niðurstaðna HCR-20 áhættumatsins, sbr. kafla 8.5. – 8.7. að ofan tel ég afar ólíklegt að ætla að refsing í fangelsi hafi tilætluð áhrif. Leyfi ég mér að halda því fram að slík refsing muni gera illt verra og að líkurnar á endurteknum afbrotum af svipuðu eða verra tagi séu afar háar.

### 9.3.

Þarna er því um að ræða mann sem ég tel sakhæfan í skilningi almennra, hegningarlaga á þeim tíma er afbrotin eru framin en samt alls ekki færán um að vera í fangelsi eða líklegan til að hafa gagn af refsingu; í raun mann sem er helsjúkur af vímuefnafíkn sem rænir hann viti og rænu og gerir hann ófærán um að bera ábyrgð á gerðum sínum, þótt hann skuli skv. 17. grein almennra hegningarlaga sæta refsingu.

#### 9.4.

Í ljósi ofangreinds leyfi ég mér að leggja til (og hef þar í huga svipuð tilvik þar sem til slíkra úrræða var gripið meðan ég fékkst við réttargeðlækningar í Englandi - og góðan árangur báru) að hugleitt verði að dæma Mark til að hljóta meðferð við vímuefnafíkn sinni og eftir atvikum mögulegum geðsjúkdómi (komi slíkur fram þótt Mark sé ekki undir áhrifum vímuefna) í umhverfi sem tryggir langtímainnlagnarmedferð og getur veitt skýran ramma. Í kjölfarið verði síðan Mark fylgt eftir utan meðferðarstofnunar en af fagaðilum sem geta stuðst við ramma skilgreindan af dómi, með skýrum endurkallsákvæðum, sinni Mark ekki meðferð.”

Læknirinn hefur ennfremur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Hann segir að þótt ekki hafi komið fram hjá ákærða neinar vísbendingar um hann hafi verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi þegar hann framdi brotin. Hins vegar þjáist ákærði af mjög langvinnri og alvarlegri vímuefnafíkn og sé helsjúkur af fíkninni. Sé hann mjög “hamlaður” af þessari fíkn sem leiði til þess að hann eigi mjög erfitt að halda sig frá eiturfjum. Refsing í hefðbundnu fangelsi geti því ekki borið neinn árangur. Læknirinn segist hafa farið rækilega yfir sjúkragögn sem varða ákærða og rætt við ákærða, móður hans og aðra sem hafa haft hann í meðferð. Fáir hann ekki séð neina örugga vísbendingu um það hann sé haldinn geðsjúkdómi sem ekki sé tengdur vímuefnaneyslu hans. Hann verði hins vegar mjög ruglaður þegar hann neyti vímuefna um eitthvert skeið og fari í geðrofsástand. Taki hann það langan tíma að losna úr því ástandi eftir að neyslu lýkur. Það hafi þó greinst neinar vísbendingar um það að ákærði hafi verið í slíku geðrofsástandi á því tímabili sem hann framdi brotin.

Læknirinn kveður meðferð á stofnun þar sem tekið væri á mikilli hvatvísi ákærða og vímuefnafíkn hans á stofnun eins og réttargeðdeildinni á Sogni og hann fengið eftirmeðferð á Krýsuvíkurheimilinu geta verið mjög gagnleg fyrir hann. Til þess að einhver möguleiki sé um bata fyrir ákærða sé nauðsynlegt að veita honum aðhald og stuðning í langan tíma meðan á meðferðinni standi. Þyrfti dómstóll að kveða á um slíkt aðhald. Kæmi þá til greina að hann vistaðist fyrst í að minnsta kosti sex mánuði á stað eins og Sogni, þar sem ákærði hefur dvalist að undanfögnu, hvort sem þar yrði um að ræða lyfjameðferð eða ekki. Drægist þá frá sá tími sem hann hefur þegar verið þar á deildinni. Í framhaldi af slíkri vist yrði ákærði að fá markvissa vímuefnamedferð, til dæmis í Krýsuvík, sem yrði bundin skilyrði um að hann fylgdi fyrir mælum um meðferð og vist. Mætti hugsá sér að meðferðartíminn yrði um það bil tvö ár alls og það komið undir ákvörðun lækna hvenær ákærði færi af Sogni til Krýsuvíkur.

Dómurinn álitur ákærða hafa verið sakhæfan í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann framdi brotin sem ákært er fyrir í málinu. Aftur á móti hefur glögglega verið leitt í ljós með geðrannsókn Páls Matthíassonar geðlæknis og skýrslu hans fyrir dómi að ákærði hefur, vegna gríðarlegrar og langvarandi vímuefnafíknar, dómgreindarleysis, ístöðuleysis og hvatvísi, verið svo andlega miður sín og truflaður á þessum tíma að 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaganna þykir eiga við um ástand hans. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar er heimilt að kveða á um það í dómi að sakborningur skuli taka út refsingu í sérstakri stofnun, sem ætluð er slíkum mönnum, enda verði slík stofnun til í landinu. Fyrir liggur að eftir að

Þessi lagagrein tók gildi hefur orðið til í landinu stofnun sem uppfyllir þetta skilyrði, réttargeðdeildin á Sogni í Ölfusi. Heyrir sú stofnun undir heilbrigðisráðuneytið sem hefur falið heilbrigðisstofnun Suðurlands að reka hana. Þá liggur fyrir í málinu bréf ráðuneytisins dagsett 19. apríl 1995 þar sem heimilað er að vista þar menn sem “dæmdir hafa verið samkvæmt 16. grein og 62. grein almennra hegningarlaga.” Í málinu liggur ennfremur fyrir umsögn læknis á þann veg að heppilegt sé að ákærða verði með dómi gert að vistast á stofnun af því tagi, eins og grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Dóminum þykir ekkert standa í vegi fyrir því að ákærða verði gerð refsing í málinu og að hann verði látinn afplána hana í stofnun sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða og vist hans á viðeigandi stofnun frá 21. mars sl., samtals 228 daga.

Ránsbrot ákærða voru bæði hættuleg og ófyrirleitin. Enda þótt þau hafi ekki leitt af sér verulegt fjártjón hafa þau valdið þeim, sem fyrir þeim urðu, miklum ótta og vanlíðan og verður ekki séð fyrir endann á því öllu. Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Af hálfu “Max-raftækja” hefur þess verið krafist að ákærði greiði fyrirtækinu 269.989 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 14. febrúar 2008 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna frá því að mánuður var liðinn frá birtingu kröfunnar, þ. e. 18. febrúar sl., til greiðsludags. Ber að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana eins og hún er fram sett.

Af hálfu söluturnsins “King-Kong” hefur þess verið krafist að ákærði greiði 18.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 19. mars 2008 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna til greiðsludags. Ber að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana ásamt almennum vöxtum frá 19. mars 2008 en með dráttarvöxtum frá 19. september sl. til greiðsludags.

Af hálfu “Leifasjoppu” hefur þess verið krafist að ákærði greiði 27.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 20. mars 2008 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna til greiðsludags. Ber að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana ásamt almennum vöxtum frá 20. mars 2008 en með dráttarvöxtum frá 19. september sl. til greiðsludags.

Af hálfu verslunarinnar “Select” hefur þess verið krafist að ákærði greiði 10.144 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 21. mars 2008 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna til greiðsludags. Ber að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana ásamt almennum vöxtum frá 19. mars 2008 en með dráttarvöxtum frá 19. september sl. til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Bjarna Haukssyni hdl., 900.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti.

Annan sakarkostnað, 319.000 krónur, greiði ákærði.

### **DÓMSORD:**

Ákærði, Mark Gunnar Roberts, sæti fangelsi í þrjú ár og taki hann út refsingu sína í stofnun samkvæmt 2. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Frá refsingunni dregst 228 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða og vist hans á viðeigandi stofnun.

Ákærði greiði “Max-raftækjum” 269.989 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 14. febrúar 2008 en með dráttarvöxtum frá 18. febrúar 2008 til greiðsludags.

Ákærði greiði söluturninum “King-Kong” 18.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 19. mars 2008 en með dráttarvöxtum frá 19. september 2008 til greiðsludags.

Ákærði greiði “Leifasjoppu” 27.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 20. mars 2008 en síðan með dráttarvöxtum frá 19. september 2008 til greiðsludags.

Ákærði greiði versluninni “Select” 10.144 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 21. mars 2008 en síðan með dráttarvöxtum frá 19. september sl. til greiðsludags.

Ákærði greiði verjanda sínum, Bjarna Haukssyni hdl., 900.000 krónur í málsvarnarlaun og greiði jafnframt 319.000 krónur í annan sakarkostnað.

Pétur Guðgeirsson